Heiðagæsir drepast í Bretlandi

150 HEIÐAGÆSIR fundust dauðar fyrir skömmu á bökkum Humberfljóts í Bretlandi, en heiðagæsin er sem kunnugt er af íslenzku og grænlenzku bergi brotin.

Ástæðan fyrir þessum gæsadauða er talin vera sú að mistök hafi orðið í frágangi útsæðis á ökrum á þessu svæði í Bretlandi. Til varnar gegn sveppum og skordýrum er útsæðið litað með ákveðnum efnum og ef þessi efni fara yfir ákveðin mörk er útsæðið lífshættulegt fyrir dýr og fugla sem kunna að komast í það. Arnþór Garðarsson fuglafræðingur sagði í samtali við Mbl. í gær að slík slys hentu annað veifið og drægju dilk á eftir sér, því strangt eftirlit væri á að reglum um varnarráðstafanir væri fylgt á réttan hátt.

Vinsæll söluturn

UNGUR piltur var í gærmorgun tekinn á innbrotsstað í Kaffivagninum á Grandagarði. Við yfirheyrslur í gær viðurkenndi pilturinn innbrot í 3 aðra söluturna þessa sömu nótt, en upp úr krafsinu hafði hann nokkur þúsund krónur í skiptimynt.

Eitt innbrotið var í söluturninn Hástein við Frakkastíg. Virðist þessi söluturn hafa sérstakt aðdráttarafl fyrir þennan pilt, því nóttina áður brauzt hann þar inn, og á stuttum tíma hefur hann brotizt þar inn 5—6 sinnum.

Eldur í smiðju

LAUST fyrir klukkan þrjú í fyrrinótt urðu lögreglumenn, sem voru á ferð í Selásnum, varir við, að eldur var laus í smiðju að Selásbletti 22. Smiðja þessi er í skúrbyggingu og eru þar framleiddar skeifur. Lögreglumennirnir kölluðu þegar til slökkviliðið og hleyptu því næst hestum út úr skúrbyggingu samfastri smiðjunni. Smiðjan brann að mestu og tæki, sem í henni voru, skemmdust. Hins vegar tókst að verja íbúðarhús skammt frá, en þar býr skeifusmiðurinn. Eldsupptök eru ókunn.

— Samdráttur

Framhald af bls. 2

Keflavík kl. 9.10. Sama dag er flug frá Ósló til Keflavíkur. Á laugardögum er beint flug Ósló/Keflavík, samkvæmt vetraráætlun.

sér stað munu farþegar frá Stokkhólmi til Íslands og Bandaríkjanna fara um Kaupmannahöfn eða Ósló. Ferðir milli þessara staða eru mjög tíðar og fargjöld þau sömu þótt höfð sé viðkoma á þessum stöðum.

Þá munu þingfulltrúar á þingi Norðurlandaráðs, sem haldið verður í Reykjavík fljúga til og frá Íslandi með þotum Loftleiða og Flugfélags Íslands, en sérstakar ferðir hafa verið settar upp vegna þessa fundar Norðurlandaráðs.

Frá og með 21. febrúar verður flogið samkvæmt útgefinni vetraráætlun, og verða þá 3 ferðir í viku til Óslóar og 2 til Stokkhólms, þ.e.a.s. frá Íslandi á sunnudögum, mánudögum og föstudögum, og til Íslands á mánudögum, föstudögum og laugardögum.



20 létust í flugslysi

Bogota 9. jan. Reuter.

TUTTUGU manns létust í flugslysi, þegar vél í eigu kolumbísks flugfélags hrapaði niður í Amazonfrumskógana í Suður-Kólombíu í gær. Farþegar voru 16 og fjögurra manna áhöfn var í vélinni. Veður var afleitt, þegar slysið gerðist. Vélin hafði farið frá Neiva í Kolombíu og var á innanlandsflugi, þegar hún hrapaði í um það bil 500 km fjarlægð frá Bogota.

Í fyrstu var ekki talið útilokað að einhverjir hefðu komizt lífs af, en samkvæmt opinberum fréttum er það nú talið fráleitt.

— Guðmundur

Framhald af bls. 32

Guðmundur þarf 1½ vinning í síðustu þremur skákunum til að hljóta stórmeistaratitil. Andstæðingar hans í þeim skákum eru Mark Diesen, Bandaríkjunum, Albin Planine, Júgóslavíu og Gullermo Garcia, Kúbu.

Biðskák Guðmundar og Michael Stean úr 11. umferð lauk með jafntefli. Skák Guðmundar og Miles var jafnteflisleg en Miles lék af sér og lenti í tímahraki, Miles gaf skákina eftir 42 leiki og missti þar með möguleika á fyrsta stigi stórmeistara.

Hort og Stean gerðu jafntefli í 12. umferðinni, Vaganian vann Basman og Planinc Botterill.

— Tveggja ára

Framhald af bls. 32

götunni nálægt Vesturgötu, skammt frá heimili sínu. Fór leigubílstjórinn með hana á lögreglustöðina í Miðbænum þar sem hún kynnti sig sem Fríðu, tveggja ára gamla. Var sagt frá þessari framtakssömu stúlku í sjónvarpinu í dagskrárlok og innan skamms kom afi hennar austan úr bæ að ná í Fríðu litlu, en manna hennar hafði þá nýlega tekið eftir að hún var horfin að heiman. Gat móðirin ekki sótt hana sjálf þar sem hún gætti annarrar dóttur sinnar heima við. Afi Fríðu litli kvað hana vera svolítið fyrir það að stelast út.

— Loðnan

Framhald af bls. 32

erum við norður af því og þetta svæði sem við höfum farið yfir síðan spannar 30—40 mílur, svo hún er á all breiðu svæði."

Þannig var ástatt í gærkvöldi á framlínu loðnunnar, sem nú er að nálgast landið. Við kvöddum Jakob og syngjandi asdikið lék undir, en skammt frá Árna Friðrikssyni beið Börkur tilbúinn að *kasta á loðnuna, sem svo margir* bíða eftir.

— Ásgeir

Framhald af bls. 31

hans, svo og knattspyrnuíþróttinni í heild. Sagði Ellert, að knattspyrnumenn væru vel að þessari viðurkenningu komnir, eftir glæsilega frammistöðu í landsleikjum sínum s.l. sumar, og einnig í öðrum knattspyrnuleikjum við leikmenn annarra þjóða.

ÖRN EIÐSSON, formaður frjálsíþróttasambands Íslands, kvaðst vilja óska Ásgeiri Sigurvinssyni til hamingju með titilinn, en hitt væri svo annað mál, að hann væri ekki til fulls sáttur við það að atvinnumenn í íþróttum væru taldir gjaldgengir í kosningu þessari. Svo hefði ekki verið áður. Þá taldi Örn það athyglisvert að íþróttamaður sem væri meðal allra fremstu íþróttamanna heims í sinni grein, skyldi ekki verða ofar en í fjórða sæti í kosningu þessari, eins og væri nú með Erlend Valdimarsson.

GÍSLI HALLDÓRSSON, forseti ÍSÍ, kvaðst vilja þakka íþróttafréttamönnum það framtak sem þeir sýndu með kjöri þessu og verðlaunaveitinguna, sem væri tvímælalaust mjög áhugavekjandi, og væri svo komið, að margir teldu það, er úrslit kjörsins væru birt, fyrsta stórviðburðinn á sviði íþróttanna hérlendis árlega. Gísli ræddi síðan nokkuð um áhugamennsku og atvinnumennsku í íþróttum, og sagði að óneitanlega sætu áhugamennirnir ekki við sama borð og atvinnumennirnir. Það væri hins vegar tímanna tákn að nú væru atvinnumenn álitnir gjaldgengir í kosningu íþróttafréttamanna, þótt þeir hefðu ekki verið það áður. Með vaxandi skilningi á gildi íþróttanna og auglýsingastarfsemi í kringum afreksmennina, hefði það orðið æ algengara að íþróttamenn fengju greiðslu fyrir þátttöku sína í íþróttum, og væri það þróun sem ekki yrði spornað gegn.

— Raunvextir

Framhald af bls. 2

inn er í næsta útboði spariskírteina ríkissjóðs, sem fyrirhugað er að gefa út í næsta mánuði.

Í greinargerð Seðlabankans segir m.a.: „Þrátt fyrir lækkandi nafnvexti, hafa vextir að viðbættum vísitölubótum farið síhækkandi með hverjum nýjum flokki útgefinna spariskírteina frá ári til árs.

Eftirfarandi tafla sýnir raunverulega vexti, sem fengist hafa út úr spariskírteinum í sérhverjum flokki, sem gefinn hefur verið út frá upphafi. Á þessari töflu sést, að vextir þeir, sem eigendur spariskírteina hafa borið úr býtum, hafa ávallt verið langtum hærri en almennir vextir. Í öðru lagi ber taflan með sér, að þessir vextir hafa farið síhækkandi, þrátt fyrir nokkra lækkun nafnvaxta. Til að mynda ber fyrsta útgáfa spariskírteinanna frá 1964 7,2% nafnvexti, en síðustu útgáfur aðeins 5%. Þrátt fyrir þetta er raunávöxtun fyrsta flokksins lægri en af hinum nýrri flokkum, þar eð vísitala bréfanna hefur hækkað hraðar með árunum.

Til að sýna, að hæð nafnvaxtanna hefur hverfandi litla þýðingu fyrir gildi spariskírteina, en vísitölutryggingin er aðalkostur þeirra, er til samanburðar sett fram, hverjir raunvextir á hverjum flokki hefðu verið, ef nafnvextir hefðu verið 4% fyrir alla flokka spariskírteina frá byrjun. Kemur þá fram, að eigendur spariskírteina í elzta flokknum frá 1964 hefðu hlotið 25,6% meðalársvexti í stað 29,7% vaxta, sem þeir hljóta nú. Á þessu sést, að munurinn, sem nafnvextirnir gera, er ekki eins mikill, eins og menn vildu ætla.

Það er því enn, sem hefur verið, að spariskírteini ríkissjóðs eru langbezta fjárfestingin á fjármagnsmarkaðinum, sem völ er á."

— Kreppan

Framhald á bls. 18

því meðan dilkakjötið væri þetta mikið niðurgreitt.

Salan hjá okkur í Húsgagnaverzlun Reykjavíkur var með bezta móti á s.l. ári sagði Gísli Ásmundsson verzlunarstjóri, og verðbólgan á eflaust sinn þátt í því. Að sjálfsögðu horfum við með nokkurri ánægju á þá rýmkun, sem nú hefur orðið á innflutningi húsgagna. Hinsvegar er því ekki að neita, að kaupmáttur fólks virðist aðeins hafa farið þverrandi, en það er vart að marka, þar sem janúar er aldrei góður sölumánuður.

Logi Helgason hjá Silla og Valda í Austurstræti sagði, að þar hefðu þeir ekki orðið varir við neinn samdrátt í matarinnkaupum fólks og það sem af væri janúar hefði salan verið mjög góð. Þá mætti bæta því við, að salan hjá þeim hefði frekar aukizt eftir að austurhluta Austurstrætis var lokað. Kæmi það bezt í ljós á *góðviðrisdögum. — Kreppuna* væri þessa dagana í blöðunum að finna, ekki annarsstaðar.

Henrik P. Biering hjá Biering sagði, að salan á s.l. ári hefði verið með bezta móti og álíka margar vörueiningar selzt og árið áður. Salan í janúar hefði verið góð og ekki þyrfti að búast við alvarlegri kreppu næstu 2—4 mánuðina.

Sala á fatnaði gekk mjög vel á s.l. ári, sagði Guðmundur Ólafsson hjá Herrahúsinu. Árið var sérstaklega gott fram í október—nóvember, en síðan dró nokkuð úr um tíma. Hinsvegar bætti jólasalan þetta tímabil upp og fyllilega það. Erfitt væri að segja nokkuð um útlitið framundan, enda væri janúarmánuður yfirleitt rólegur.

Erlendur Borgþórsson hjá Karnabæ, Laugavegi 66, sagði, að s.l. ár hefði verið mjög gott og enn hefðu þeir ekki orðið varir við neinn samdrátt, nema á síðum dagblaðanna. Peningaleysi væri ekki til hjá fólki.

Salan hjá okkur jókst um 50% á s.l. ári, sagði Árni Jónsson í Valhúsgögn. Því væri hinsvegar ekki að neita, að miðað við fyrri ár hefði salan í desember átt að vera stærri, en nú væri svo komið, að enginn einn mánuður skæri sig úr hjá húsgagnasölum. Ekki væri hægt að gera neina spá fyrir þetta ár, þar sem svo skammt liðið á það.

Einar Óskarsson í Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar sagði, að ekki *væri enn séð fyrir endann á* s.l. ári, en krónulega væri það ekki slæmt, um eintakafjölda seldra bóka væri ekki vitað enn. Það sem af væri janúar hefði salan verið góð og væru þeir lítt hræddir við kreppu.

Í bókaverzlun Helgafells á Laugavegi svaraði okkur Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri. Hann sagði, að salan hefði verið góð allt s.l. ár og hefðu þeir vart átt von á jafn mikilli sölu og raun varð á. Það, sem af væri þessum mánuði, hefði salan verið lífleg enda væri svo alltaf í þessum mánuði, og útlitið framundan væri ekki svart.

— Óvissan

Framhald af bls. 1

sér og Poul Hartling hefur fengið mikla reynslu í slíkri jafnvægislist.

Mogens Glistrup var einn þeirra þingleiðtoga sem Hartling ræddi við í dag og hann hvatti hann til að sitja áfram og sagði að Framfaraflokkurinn mundi greiða atkvæði gegn hugsanlegri vantrauststillögu á stjórnina.

Glistrup sagði að tryggja yrði öruggan þingmeirihluta sem gæti unnið bug á atvinnuleysi, framfylgt sparnaðarstefnu, hækkað eftirlaun og treyst gengi dönsku krónunnar. Hann sagði að borgaraflokkarnir gætu tryggt slíkan meirihluta.

Afstaða Róttæka flokksins er sú að sósíaldemókratar verði að vera aðili að meirihlutastjórn og vafasamt er talið að hann styðji Hartling ef Framfaraflokkurinn fer í stjórn.

Borgaraflokkarnir gætu myndað stjórn fræðilega séð án þátttöku Róttæka flokksins en ólíklegt er talið að Hartling telji hyggilegt að framfylgja óvinsælum efnahagsráðstöfunum með stuðningi Glistrups og miðdemókrata sem tapað hafa fylgi og í óþökk allra vinstri flokkanna.

Hilmar Baunsgaard, foringi Róttæka flokksins, ræddi í dag við Anker Jörgensen og Jörgensen ræddi við fulltrúa Sósíalistíska þjóðarflokksins (SF). Til greina getur komið að Baunsgaard reyni stjórnarmyndun.

Hartling forsætisráðherra hefur lítinn tíma til stefnu. Atvinnuleysið eykst stöðugt og viðræður aðila vinnumarkaðarins hafa legið niðri vegna kosninganna.

Forsætisráðherrann hefur boðað á sinn fund fulltrúa verkalýðssambandsins, samtaka opinberra starfsmanna og vinnuveitenda á mánudaginn.

Áður en boðað var til kosninga *var tala atvinnulausra 10.6* en er nú 12%. Verðbólgan er 16.5% sem Danir telja nálgast Evrópumet. Greiðsluhallinn er svo mikill að alvarleg hætta er á því að Danir geti ekki fengið meiri lán erlendis. Fyrstu 11 mánuði ársins 1974 nam greiðsluhallinn 12.5 milljörðum danskra króna og var 3 milljörðum króna hærri en árið á undan.

Ástandið eftir kosningarnar nú minnir að mörgu leyti á ástandið eftir kosningarnar í september 1971 þar sem atkvæði fjögurra *þingmanna Færeyja og* Grænlands geta ráðið úrslitum. Þá fengu sósíalistísku flokkarnir meirihluta er atkvæði höfðu verið talin í Færeyjum og Grænlandi og Jens Otto Krag myndaði stjórn þá er sat til 1973.

Nú skiptast þingsætin þannig: Sósíaldemókratar 53, róttækir 13, Íhaldsflokkurinn 10, SF 9, kommúnistar 7, miðdemókratar 4, *kristilegir 9, Vinstri flokkurinn* 42, vinstri-sósíalistar 4 og Framfaraflokkurinn 23.

Framfaraflokkurinn, miðdemókratar, íhaldsmenn og Kristilegi þjóðarflokkurinn hafa alls 89 þingsæti af 179. Sósíaldemókratar, SF, vinstrisósíalistar, kommúnistar og Róttæki flokkurinn hafa 86 þingsæti.

Úrslitin í Færeyjum og á Grænlandi *verða endanlega kunn síð*degis á morgun. Í Færeyjum voru kjörnir Johan Nielsen sem er sósíaldemókrati og Erlendur Patursson sem hefur hingað til verið hlutlaus í dönskum stjórnmálum.

Á Grænlandi hefur sósíaldemókratinn Emil Johansen náð kjöri. Óvíst er um hitt þingsætið en það hreppir annað hvort sósíaldemókratinn Knud Hertling eða Nicolai Rosing sem hefur fylgt borgaraflokkunum að málum en er andvígur efnahagstillögum stjórnarinnar, hornsteini stefnu hennar, þótt hann hafi ekki sagt að hann muni greiða atkvæði gegn tillögunum.

Að þingmönnum Færeyja og Grænlands meðtöldum er staðan í danska þinginu jöfn: 89:89.

Úrslitin í kosningunum eru talinn mikill persónulegur sigur fyrir Hartling og ekki aðeins í þeim skilningi að flokkurinn tvöfaldaði fylgi sitt og þingmannatölu. Fylgi hans sjálfs í kjördæmi hans jókst úr 4.000 í 8.000 atkvæði.

— Kjarvalssýning

Framhald af bls. 2

eignar og varðveizlu að henni látinni. Myndina gaf Kjarval Ástu á fimmtugsafmæli hennar 15. maí 1945.

Klara Guðmundsdóttir hefur gefið mynd af föður sínum, Guðmundi Davíðssyni, en þeir Kjarval voru miklir vinir og dvöldust oft saman á Þingvöllum. Einnig gaf hún fjórar teikningar, sem Kjarval hafði á sínum tíma gefið vini sínum. Myndirnar eru gefnar í tilefni af því, að í nóvember s.l. hefði Guðmundur Davíðsson orðið 100 ára.

Stuttu áður en Matthildur Kjartansdóttir, ekkja Guðbrands Magnússonar, fyrrv. forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, lézt, gaf hún safninu tvö olíumálverk. Þau *hjónin önduðust* bæði á síðasta ári. Önnur myndin er af þeim hjónum, en hina myndina nefnir Kjarval „Ástamál Grettis". Gjöfin er til minningar um vináttu Kjarvals og þeirra hjóna. Þá hefur Hallfríður Guðbrandsdóttir Schneider, dóttir hjónanna, gefið safninu tvær myndir. Önnur er lítil vatnslitamynd, „Hveitibrauðsskipið", en hin olíumynd af Vífilfelli.

Á árinu hafa safninu einnig borizt nokkrar minningargjafir um Kjarval, sem ættu heima í minjasafni um hann. Þar á meðal er kvikmynd um Kjarval. Gefandinn er Óskar Gíslason, en hann gerði myndina. Nú mun vera til allmikið af minjum um Kjarval og mun ætlunin vera að skrá þær og flokka.

Uppsetningu sýningarinnar og val listaverkanna önnuðust Einar Hákonarson listmálari og Guðmundur Benediktsson myndhöggvari.

Sýningin er opin kl. 16—22 alla daga nema mánudaga fyrst um sinn.